

Bæjarráð Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

27. maí 2015

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	29.05.2015
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1505282

Töframáttur tónlistar

Valhúsarbraut 23

Póstnúmer 170

Tölvupóstfang ggkvaran@gmail.com

Erindi vegna verkefnisins „Töframáttur tónlistar“.

„Töframáttur tónlistar“ er heiti á tónleikaröð sem hefur það markmið að bjóða þeim sem eru félagslega einangraðir vegna andlegra veikinda, elli eða afplánunar til lengri eða skemmri tíma vandaða tónleika flutta af okkar fremstu listamönnum.

Gunnar Kvaran, sellóleikari, hefur síðan 2006 haft frumkvæði að og verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar. Hann var nýlega tilnefndur til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins.

Fernir tónleikar hafa verið haldnir yfir vetrartímann að Kjarvalstöðum og Litla Hrauni og hafa tónleikarnir hlotið góðar viðtökur og þakklæti tónleikagesta. Margir helstu tónlistarmenn landsins hafa komið að verkefninu.

Tónleikarnir fara þannig fram að listamennirnir kynna og segja frá þeim verkum sem þeir spila og geta því tónleikagestir bæði hlotið fræðslu og listræna upplifun. Áhersla er lögð á að fá góða og þekkta tónlistarmenn til að vekja áhuga og tryggja hámarksgæði í flutningi.

Það er oft glatt á hjalla á Töframáttar tónleikum og myndast mikil nánd og gott samband við hlustendur. Hverja tónleika sækja að jafnaði 75-100 manns. Meginhluti tónleikagesta á ýmist við geðraskanir að stríða eða bága félags- eða fjárhagsstöðu eins og áður segir. Þessi hópur fer á mis við það sem best gerist í íslensku tónlistarlífi, en með Töframætti tónlistar er þeim gefið tækifæri til þátttöku í vönduðum menningarviðburðum.

Tónleikaröð þessi er ekki auglýst opinberlega því að tónleikarnir eru einungis hugsaðir fyrir þá sem annars færu ekki á svona listviðburði. Aftur á móti eru tónleikarnir auglýstir hjá félögum og stofnunum, í sveitafélögum á stór Reykjavíkursvæðinu, sem hýsa og beita læknismeðferðum fyrir skjólstæðinga með geðræn vandamál og aðra erfiðleika eða í ástandi sem hamlar þeim í að koma á listviðburði annars. Prentuð eru auglýsingaveggspjöld sem dreifð eru á stofnanir/heimili sem koma að eða tengjast markhópnum á stór Reykjavíkursvæðinu. Einnig eru auglýsingar sendar í tölvupósti.

Fjárhagsáætlun:

Laun og þóknun:	1 miljón
Plagöt (hönnun og prentun)	200.000

Töframáttur tónlistar sækir hér með um styrk til verkefnisins að upphæð 200.000 krónur. Í raun mun hvaða upphæð sem er koma að góðum notum.

Með bestu kveðju,

Brynhildur Auðbjargardóttir verkefnisstjóri (braud64@hotmail.com)

